

Nokkrir punktar úr starfi Bátasafns Breiðafjarðar.

Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum var stofnað 31. ágúst 2006 af áhugafólki um báta og bátasmíði. Félagið heitir fullu nafni, „**Félag áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum**“ (**FÁBBR**). Þar er súðbyrðingnum ætlað að vera í öndvegi, saga hans og þróun við Breiðafjörð sem og í sérhverjum landshluta, lag hans og haffærni eftir því til hvers hann var ætlaður.

Árið 2008 tókst samstarf félagsins við Reykhólahrepp og Æðarvé, félag æðarbænda, um rekstur á safni á Reykhólum og síðan árið 2012 um stofnun félags, **Báta- og hlunnindasýningin ehf. (BogH)**. Sýningin hefur það hlutverk að hafa umsjón með söfnun og varðveislu muna og minja tengdu sögu báta, bátasmíða, siglinga og hlunnindanytja við Breiðafjörð. Einnig annast félagið rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamanna fyrir Reykhólahrepp.

FÁBBR er með aðstöðu til geymslu og viðgerða á bátum í Hvallátrum á Breiðafirði, Glerárskógum í Dölum, Patreksfirði og Korngörðum í Reykjavík auk Reykhóla. FÁBBR hefur staðið fyrir námskeiðshaldi í smíði súðbyrðinga í samvinnu við Iðu fræðslusetur

Nánar má fræðast um starfið á www.batasmidi.is undir „skrár“

Hér á eftir er umfjöllun un nokkur verkefni sem félagar hafa unnið að undanfarin ár og gætu fallið undir;

“Verndun bátaarfsins”

Litlanesbáturinn Árið 2018



„Litlanesbáturinn“ var smíðaður af Valdimar Ólafssyni (1906-1939) skipasmiðs í Hvallátrum, líklega 1938, fyrir Júlíus Sigurðsson (1876-1961) bóna á Litlanesi í Múlasveit. Hafliði Aðalsteinsson, skipasmiðameistari og formaður Bátasafns Breiðafjarðar vann að endursmíði bátsins árið 2018.

Skúlaskeið árin 2017-2019



Viðamiklar endurbætur voru gerðar á farþegaskipinu Skúlaskeiði RE á árunum 2017-2019. Fólust þær í því að skipt var um mestan hluta birðings skipsins. Skúlaskeið var smíðuð á Siglufirði árið 1959 og er um 12 m. löng. Með Hafliða unnu Eggert Björnsson bátasmiður og Einar Jóhann Lárusson, trésmiður og nemi í bátasmíði að viðgerðinni. Kostun; eigandi bátsins, Special Tours ehf.

Jötunn og Verðandi árin 2017-2019



Á árunum 2018 og 2019 voru gerðar endurbætur á kappróðrabátum Vestmannaeyinga

Jötunn og Verðandi árin 2017-2019



Á árunum 2019 og 2020 voru gerðar endurbætur á róðrabátum Strandróðrafélagsins Brands í Reykjavík

Albert Árið 2018



Albert er fjórróinn súðbyrðingur (tvístefnungur) með siglu, stórsegli og fokku, smíðaður úr furu, rekavið frá Birgisvík á Ströndum. Byrðingurinn er 12 mm að þykkt og sniðskeyttur. Lengd bátsins er 5,5 m. breidd 1,5 m. og dýpt 0,6 m.

Albert Þorvarðarson (17.8.1896-12.6.1970) átti þennan bát. Albert var alinn upp í Gróttu og tók við vitavörslu þar af föður sínum 1931 og gegndi henni til dauðadags. Albert, sem stundaði sjómennsku og veiðar frá unga aldri, drukknaði í róðri á þessum bát í júní 1970.

Báturinn var upphaflega árabátur en hafði verið breytti í vélbát. Hann var að öllum líkindum smíðaður fyrir meira en 100 árum. Félagsmenn **FÁBBR** var bent á flak bátsins sem geymt var á vegum Seltjarnarnessbæjar og var í slæmu ástandi. Eftir viðræður fékk **FÁBBR** bátinn afhentann til endurgerðar.

Samningar tókust við Guðmund Ásgeirsson útgerðarmann á Seltjarnarnesi um fjármögnun.

Albert er smíðaður veturinn 2018 af Hafliða Aðalsteinssyni skipasmíðameistara og Eggerti Björnssyni bátasmið. Báturinn var mældur upp og gerð voru skapalón af honum og þau notuð til að smíða nýja bátinn. Undirstaða mastursins „stellingin“ var flutt yfir í nýja bátinn til að tryggja að „sálin“ færi yfir í hann.

Ráðgert er að Albert verði hafður til sýnis í Gróttu en þar hefur Guðmundur Ásgeirsson ásamt félögum í Rótarý klúbbi Seltjarnarness staðið fyrir uppbyggingu á verbúð vitavörðarins og endurbyggingu á bryggju og dráttarbraut í Gróttu.

Ólafur (Skagfjörð) SH 147 Árið 2019-2020



Í Rifshöfn í júní 2020..

Báturinn er smíðaður árið 1885 í Bjarneyjum af Bergsveini Ólafssyni (1839-1899). Bergsveinn var bóndi (1870-1899) og skipasmiður í Bænum í Bjarneyjum og mikill afkastamaður á því sviði.

Árabátur 8 árar, áttæringur, lengd 24 fet (8 m), breidd 6 fet (2 m), dýpt 3 fet (1 m). Báturinn var í daglegu tali nefndur Ólafur og er skráður með því nafni árið 1908 þegar hann er fyrst skráður. Ólafi var róði frá Hellissandi (Keflavík og Krossavík) og einnig frá Rífi allt til ársins 1962 en þá var báturinn gefinn Sjóminjasafninu á Hellissandi..

Á haustmánuðum 2019 hóf Hafliði Aðalsteinsson, skipasmíðameistari og formaður **Bátasafns Breiðafjarðar**, endursmíði bátsins. Þess má geta að Bergsveinn Ólafsson var langalangafi Hafliða. Með Hafliða við endursmíðina eru Eggert Björnsson bátasmiður og Einar Jóhann Lárusson, trésmiður og nemi í bátasmíði.

Efnið í kjöl og stefni var fengið frá Skórækt ríkisins í Þjórsárdal, rúmlega 30 ára greni um 5 m að lengd. Hafliði telur að þetta sé í fyrsta sinn sem íslenskur viður er notaður við slíka smíði.

Þann 3 júní 2020 afhenti Hafliði Aðalsteinsson bátinn Hjálvari Kristjánssyni útgerðarmanni í Rífi sem kostaði endurgerð bátsins.

Tjaldur BA - Árið 2020-2021



Tjaldur BA68, skipaskrárnúmer 5668, var smíðaður árið 1955 af Bátasmíðastöð Breiðfirðinga, sem varð að Bátalóni hf., árið 1956. Báturinn er súðbyrðingur með innfelldu stefni. Skráð lengd er 9,45 metrar og 7,7 brl. Eigandi Tjalds var Ingvi Óskar Bjarnason, Arnórsstöðum-Neðri á Barðasrönd og hefur hann gert hann út sem krókaafلامarksbát frá Brjánslæg frá 1980. Ingvi kostaði viðgerð bátsins. Ingvi lést 7.maí 2021.

Báturinn hét upphaflega Sigursæll RE 219 í Reykjavík en verður 1967 Sigursæll BA 219 á Reykhólum, 1969 Sigursæll ÁR 47 í Þorlákshöfn, 1975 Sigursæll ÁR 47 í Reykjavík, 1976 Sigursæll ÁR 47 á Selfossi, 1977 Fengur RE51 í Reykjavík, 1979 Guðný HF 68 og frá 1980 Tjaldur BA 68.

Viðgerð á bátnum var framkvæmd 2020-2021 af Hafliða Aðalsteinssyni skipasmíðameistara og formanni **Bátasafns Breiðafjarðar**, ásamt Eggerti Björnssyni bátsmið og Einari Jóhanni Lárussyni skipsmíðanema. Báturinn var fluttur til Reykjavíkur í lok árs 2020 og töluvert þurfti að hafa fyrir því að koma honum inn í hús, settir voru s.k. skautar undir bátinn og hann dreginn inn með bíl og einnig spilaður með trissum. Vinna við viðgerðina hófst svo í byrjun desember 2020 og lauk henni í lok mars 2021.

Eftirfarandi var framkvæmt; Skipt var um meginhluta botns og síðum bátsins og fóru um 80 metrar af byrðingsborðum í það. Það lætur nærri að vera um 35% af byrðingnum. Sett í 7 ný bönd og 6 ný botnbönd (Bunkastokkar) Vélín var tekin úr og undirstöðu hennar lagfærðar. Smíðað var nýtt gólf í vélarrúm. Skipt um þilfar umhverfis stýrishús. Gert var við klæðningu á stýrishúsi. Vél sett niður og frágengin. Báturinn var síðan bikaður og málaður og málaður að hluta.

Sindri - 2021



Við úthlutun úr Formninjasjóði þann 25. mars 2021, var Bátasafni Breiðafjarðar (**FÁBBR**) veittur styrkur, að upphæð 2.000.000 kr. til að framkvæma endurbætur á súðbyrðingnum Sindra.

Sindri var smíðaður árið 1936 af Valdimar Ólafssyni í Hvallátrum fyrir Jón Þórðarson og Snæbjörn Jónsson á Stað á Reykjanesi. Á þessum tíma var tvíbýli á Stað en síðar (1949) byggði Jón nýbýlið Árbæ.

Sindri er smíðaður úr eik og furu og skráður 2,5 brl. Var upphaflega með 5 ha Skandia vél, árið 1946 var sett í bátinn 8 ha. Skandia vél, 1983 var sett í bátinn 8 ha Sabb vél og 1995 10 ha Sabb vél sem er í bátinum í dag.

Sindri var notaður af Staðar og Árbæjar bændum í áratugi við hlunnindanyttjar og flutninga á vörum og fólki.

Sindri hefur verið geymdur í uppsátri á Vesturnesi við höfnina á Stað.

Árið 1962 kaupir Guðmundur Theódórsson á Laugalandi við Þorskafjörð bátinn og notar hann við hlunnindanyttjar o.fl. Árið 1990 gerði Guðmundur bátinn upp og hefur síðan haldið honum mjög vel við. Á Bátadögum 2015 sigldi Guðmundur ásamt gestum á Sindra í hópi báta í blíðu veðri. Að því loknu afhenti Guðmundur Bátasafninu Sindra til eignar og varðveisl.

Sumarið 2021 hófst vinna við endurbæturnar og eru þær unnar af Hafliða Aðalsteinssyni í húsnæði Báta- og hlunnindasýningarinnar á Reykhólum. Verður þeim fram haldið næsta sumar.

Björg Árið 2020-2022



Smíðaður í Bjarneyjum um 1870 af Bergsveini Ólafssyni (1839-1999). Bergsveinn sem var sonur Ólafs Teitssonar í Sviðnum, var afkastamikill bátasmiður og er talinn hafa smíðað bát á ári öll sín búskaparár í Bjarneyjum 1869-1899 og stundum marga eða alls á milli 30 og 40 báta auk þess sem hann gerið við fjölda báta.

Björg er smíðuð úr furu og er um 3,0 brl. að stærð fyrir Magnús Magnússon (1854-1933) „vert“ í Flatey. Upphaflega hét báturinn Harpa og var seglskip og notaði Magnús bátinn aðallega til flutninga. Árið 1934 eignast Valdimar Ólafsson (1906-1939) og breytir honum í vélbát og lætur hann heita Björg.

Fyrsta vélin sem sett var í bátinn var 7ha Skandia vél en 1948 var sett 10ha Kelvin vél í bátinn og 18ha Sabb vél 1987. Kelvin vélin var gerð upp og sett aftur í bátinn 1997-98.

Hafliði Aðalsteinsson, skipasmíðameistari og formaður **Bátasafns Breiðafjarðar** vinnur að endursmíði bátsins.